

Nd.

905. Nefndarálit

[261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur haft til meðferðar frumvarp um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Með tilliti til athugasemda, sem fram komu í umsögnum um málið, telur nefndin ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu til annarra ákvæða frumvarpsins en 4. gr. sem felur í sér að framlög skuli veitt til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla.

Nefndin telur brýnt að þessar kannanir verði gerðar til þess að Jafnréttisráði sé unnt að fylgjast með að virt sé 2. gr. jafnréttislaganna sem m. a. kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samkvæmt 10. gr. jafnréttislaganna frá 1976 kemur fram að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hver brögð kunnri að vera að misrétti í jafnréttismálum.

Í þessu ákvæði felst að Jafnréttisráð, sem skipað er samkvæmt 9. gr. laga nr. 78/1976, rannsaki þessi mál. Framkvæmdaaðili þessarar könnunar gæti þó verið Kjararannsóknarnefnd sé það talið hagkvæmara. Leggja verður þó áherslu á að samráð verði haft við Jafnréttisráð um alla framkvæmd og undirbúning á þessum könnunum.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin heiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla, svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. maí 1981.

Alexander Stefánsson,
form., frsm.

Steinþór Gestsson.

Friðrik Sophusson,
fundaskr.

Guðm. J. Guðmundsson.
Jóhann Einvarðsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Eggert Haukdal.